

5. fundur stjórnar foreldrafélags Flataskóla þ.15.01.2007 kl. 17:30.

Viðstaddir: María, Jóhanna, Hrönn, Þórleif, Ásgerður og Sigurveig skólastjóri.

1. Landasýning, fyrirhuguð í mars mánuði. Sigurveig skólastjóri var með 2 athugasemdir frá starfsfólki skólans. Annars vegar að aðkoma foreldra verði meiri að verkefninu, t.d. að það verði vinnustofa sett upp einn laugardag/sunnudag þar sem nemendur og foreldrar vinna saman að undirbúningi sýningarinnar. Hins vegar að tengja þessa sýningu við þjóðakynningu bókasafns Flataskóla sem var í haust og tileinkuð var tvítýngdum nemendum skólans. Ákveðið var að sýningin yrði 24. mars nk. kl. 13 – 16. Aðgangseyrir verður kr. 100,- sem er vegna efniskaupa oph. vegna sýningarinnar. Síðan verða selt kaffi og kökur svo vonandi kemur eitthvað í kassa foreldrafélagsins... Ákveðið að María ræði við Ingibjörgu bókavörð og biðji hana að hitta stjórn foreldrafélagsins sem fyrst. Ákveðið að María setji saman stutt bréf sem kennarar afhendi nk mánudag í foreldraviðtölum þeim nemendum sem eiga erlenda foreldra. Loks ætla María að vera í sambandi við Ragnheiði sem var ritari foreldrafélagsins sl. vetur og sá um uppsetningu náttúrusýningarinnar sl. vetur. Hvort hún hafi tök á að stjórna uppsetningunni á landasýningunni eða aðstoða við skipulag og uppsetningu sýningarinnar. Hún stóð sig frábærlega við það.
2. Árlegur fræðslufundur foreldrafélagsins var ákv. 7. mars nk kl. 20:30. Efni: Hinar ýmsu fjölskyldugerðir. María er í sambandi við formenn foreldrafélaga annarra grunnskóla í Garðabæ varðandi það að halda þennan fund sameiginlega eins og gert var sl. ár. og heppnaðist mjög vel.
3. Skólafatnaður. Verið er að skoða hvað í boði er og hvað fatnaðurinn kostar. Mestur áhugi er á bolum, síðerma og/eða stuttermá. Þar er María einnig að ræða við formenn foreldrafélaga hinna grunnskólanna í bænum. Bæði fjárhagslega hagkvæmara og eins jákvætt að útlit fatnaðarins sé svipað í skólum bæjarins.
4. Umferðarnefnd. Hrönn stefnir á að húa þeim aðilum saman sem fyrst og fara yfir málin.
5. Netfangið. Allir sammála um að biðja um að breyta því í ff@flataskoli. is. Þórleif ætlar að biðja Sigurjón um að breyta þessu. Svo þarf að auglýsa netfangið þegar búið verður að breyta því.